

Samantekt úr niðurstöðum umræðuhópa 9. janúar
og jafnframt drög að hugmyndafræðilegum grundvelli

Unnið af samræmingarnefnd: Helgu Jóhannsdóttur, Helgu Kress og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hvað sameinar konur?

Hlutverk kvenna hefur frá fyrstu tíð verið að vernda líf og viðhalda því. Konur ganga með börnin, fæða þau og ala upp. Vinnustaður þeirra hefur verið á heimilinu eða í námunda við það, og þar hafa konur þróað sínar sérstöku aðferðir við matargerð, fatasaum, ljósmóðurstörf, uppeldi barna og kennslu, þvotta og önnur þrif, hjúkrun og umönnun sjúkra og aldraðra. Þrátt fyrir ólík lífsskjör kvenna er þetta sameiginlegur reynsluheimur þeirra, arfur þeirra frá kynslóð til kynslóðar, það sem hefur mótað heimsmynd þeirra og menningu.

Að hluta til hafa þessi hefðbundnu störf kvenna færst frá heimilinu út í samfélagið, en samt sem áður hvílir uppfylling daglegra þarfa enn á herðum kvenna og bætist ofan á vinnu þeirra utan heimilis. Við þessar aðstæður lifa konur við sífellda sektarkennd. Vinnuálag þeirra er margfalt, þær eru á stöðugum hlaupum milli vinnustaðar, verslunar, barnagæslu og heimilis. Án þeirra starfa sem konur vinna á heimilinu getur ekkert þjóðfélag verið til, en þrátt fyrir það eru þessi störf ekki metin sem vinnuframlag til samfélagsins heldur sem einkamál hverrar og einnar konu.

Vegna hinna hefðbundnu verk^{skiptingar} karla og kvenna er verðmætamat þeirra ólíkt. Samfélagspróunin hefur mótast af verðmætamati karla, og reynslu kvenna gætir næsta lítið við stjórnun heimsins. Nú er svo komið, að náttúra og lífríki jarðarinnar eru í hættu, og tæknivæðingin og sú mengun sem af henni leiðir verður æ meiri og tillitslauari við frumþarfir mannsins. Í þessum heimi virðist oftlega ekki rúm fyrir mannleg samskipti, tilfinningar, náttúruskynjun og sköpun, og í dag er mannkyninu ógnað af vígbúnaðar-
kapphlaupi sem stefnir í geryðingu. Þessari þróun verður að snúa við, ~~og~~ um það hljóta konur að sameinast.

Hvers vegna kvennaframboð?

Það sem einkennir reynsluheim kvenna er að hann er svo til ósýnilegur, og að hann er lítills metinn. Valda- og áhrifaleysi kvenna blasir alls staðar við í íslensku þjóðfélagi. Á alþingi

sitja aðeins 3 konur á móti 57 körlum, og engin þeirra er kjördama-
kjörin. Í ríkisstjórninni er engin kona. Í sveitarstjórnnum er 71
kona á móti 1076 körlum. Í 15 manna miðstjórn Alþýðusambands Íslands
eru aðeins 2 konur, og í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands er
engin kona. Þetta er staðreynd, þrátt fyrir það að konur eru
helmingur þjóðarinnar og meirihluti félaga í verkalýðshreyfingunni.
Sama gildir um aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Í áhrifamestu og
best launuðu stöðunum eru karlar. Konur vinna ólaunuð störf á
heimilinu og láglau nastörfin á vinnumarkaðnum. Nýlegar skýrslur
sýna, að árið 1979 náðu aðeins 3% giftra kvenna meðaltekjum, en
yfir 60% kvæntra karla náðu því marki. Af þessum tölum má sjá,
að konur eru svo til valdalausar, þegar þau mál eru ráðin sem varða
samfélagið allt.

það eru karlar sem selja leikveglurnar.

Allir stjórnmalaflokkar á Íslandi eru byggðir upp og þeim
stjórnað af fámennum hópi karla. Enginn þessara flokka tekur sér-
staklega mið af reynsluheimi kvenna, og konur fá ~~þær~~ ekki að koma
þar nær en körlum hentar. Málefni sem konur láta sig miklu varða eru
að vísu stundum á stefnuskrá flokkanna, en þau sitja gjarnan á hakanu
þegar að framkvæmdum kemur. Eins og málum er nú háttað virðist það
~~því vonlitið~~ ^{fullreynnt}, að konur geti aukið vald sitt og athafnasvið í íslensku
stjórnmalum með því að fara hina hefðbundnu leið flokkakerfisins.

Þrátt fyrir aukin lagaleg réttindi og meiri menntun kvenna á
þessari öld, hafa áhrif þeirra og völd í þjóðfélaginu ekki aukist til
neinna muna. Ástæðurnar fyrir því eru margar og flóknar, og kann
ein þeirra að vera sú, að konur hafi ~~ekki efast um réttmæti þess~~
~~ríkjandi verðmætamáts, sem metur reynsluheim þeirra lítils.~~ ^{satt sé við} Í stað
þess að miða við hlutverk og stöðu karla eru konur nú farnar að
gera sér grein fyrir hinu jákvæða í lífi sínu og reynslu, einhverju
sem þarf að varðveita og þróa áfram, ekki bara þeirra sjálfra vegna
heldur ^{vegna} samfélagsins alls. Markmið kvennaframboðsins er að ^{þróa þessu þróku} ~~hinn~~
sérstaki reynsluheimur ^{þeirra} kvenna verði gerður sýnilegur og metinn til ^{fordi}
jafns við viðhorf karla sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu. Þá ^{verdu}
fyrst geta karlar og konur unnið saman, að karlar viðurkenni og ^{niðfles}
tileinki sér þennan reynsluheim, á sama hátt og konur tileinki sér
það besta og lífvænlegasta af viðhorfum karla.

og skír